

Hugvísindaping 5. mars 2010

Málstofa um gagnrýnið háskólasamfélag

Jón Torfi Jónasson¹

Háskólar og gagnrýnin þjóðfélagssumræða²

Samfélagið og hlutverk háskóla

Við, borgarar í alþjóðlegu og íslensku samfélagi, ættum að staldra við og velta því fyrir okkur hvers konar samfélag við viljum móta. Í framhaldi af því ættum við, sem störfum í háskóla, að setja fram hugmyndir okkar um hvaða hlutverki við teljum að háskólar og háskólasamfélagið ætti að leika í þeirri mótun. Í ritinu, *Inventing Tomorrow's University. Who is to take the lead?* set ég fram þá skoðun að háskólafólki beri að taka frumkvæði í þessu efni.³ Það er ekki víst að óskir okkar séu svo margbrotnar eða umdeildar þegar upp er staðið en við ættum samt að gefa okkur gott tóm til þess að velta þeim fyrir okkur.

Ég tel almenna samstöðu um að móta kvikt og frjótt samfélag, sem einkennist af efnislegri, félagslegri og menningarlegri velmegun, réttlátt samfélag þar sem jafnræði ríkir meðal fólks; samfélag sem hvetur til sjálfstæðis, frumkvæðis og sköpunar, en þar sem jafnframt sé tekið tillit til þeirra sem veikast standa og þess sé gætt hve félagsleg tengsl og hvatning eru mikilvæg. Félags- og menningarauður skiptir ekki síður máli en efnahagsleg auðlegð.

Það þarf margt að gera til þess að skapa svona samfélag, en ég ætla að takmarka mig við hugsanlegt hlutverk háskóla, háskólasamfélagsins, í því verkefni.

Um samfélagslegt hlutverk háskóla

Háskólar hafa öldum saman gegnt margvíslegu samfélagslegu hlutverki⁴ en hlutverkið skerpist í byrjun 19. aldar, þó með afar ólíku móti á mjög nálægum menningarsvæðum; oft er talað um þýsku, ensku og frönsku hefðirnar í Evrópu og þær eru í raun mjög ólíkar. Síðan er bent á þróun mála í Bandaríkjunum á 19. og 20. öld, en í henni má finna allar evrópsku hefðirnar þrjár sem smám saman verður úr einn samofinn þráður.

¹ Á heimasíðu minni er að finna nánari umfjöllun um háskóla, og m.a. ýmsar greinar á pdf formi., sjá <http://www.hi.is/~jtj/vefurinn/rannsoknir.html#Haskoli>

² Eilítið styttri útgáfa þessarar ritgerðar var flutt á málstofunni.

³ Jón Torfi Jónasson (2008).

⁴ Kivinen & Poikus (2006).

Það er þó sameiginlegt öllum þessum hefðum og allri umræðu um háskóla á 20. öld, og raunar í upphafi þeirrar 21., að háskólar skuli vera verkfæri samfélagsins, þeir séu líflína nútíma þjóðfélags sem eigi að tryggja gerjun þess og þróun. Um þetta er ótrúlega gott samkomulag ólíkra hagsmunaaðila.⁵

Vandinn er sá, að þegar á reynir er lítið samkomulag um það í hverju þetta samfélagslega hlutverk felst; hvernig háskólar eigi að þjóna samfélaginu. Það er ótrúlega lítið rætt um þetta þegar fjallað er um háskóla. Sumum finnst að þeir eigi að sinna hlutverki sínu með því að stunda rannsóknir sem efla fræði og atvinnulífið í kjölfarið, og þar með samfélagið óbeint vegna þess að fræði geri það alltaf það áður en yfir lýkur. Aðrir vilja tengja fræðin og atvinnulífið milliliðalaust; það eigi að leggja mikla áherslu á það sem stundum er kallað hagnýttar rannsóknir, þótt það sé alls ekki ljóst hverjar þær rannsóknir séu. Sumir, en alls ekki allir, átta sig á því hve mikilvægu hlutverki háskólar gegna enn við menntun starfsstétta sem kunna til verka og eru jafnframt skapandi og framsæknar. Auk þess eigi háskólar að leggja til gagnrýna og frjóa umræðu um öll hin fjölbættu sérsvið sín og sjá til þess að sífellt komi fram ný og gagnleg sjónarhorn þar sem bent er á samhengi sem ekki sást fyrr; þeir stuðli þannig að framförum.

Nú hugsa sennilega margir að háskóli ætti að gera allt þetta í einhverri mátulegri blöndu. En um það er ekki sátt. Sumir vilja í raun taka eitt þessara hlutverk út fyrir sviga, þ.e. rannsóknir ásamt kennslu þeim tengdum, og ýta hinum til hliðar vegna þess að þau séu tiltölulega ómerkileg eða til trafala af tveimur meginástæðum:

Önnur ástæðan er sú að háskóli (t.d. íslenskir háskólar) hafi aðeins þau þjóðfélagslega hlutverk að sinna rannsóknum og kennslu og við þau eigi hann að takmarka sig. En í lögum okkar um háskóla nr. 63/2006 segir m.a.

„Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti.“⁶

Þessi grein tiltekur skýrt samfélagslegt hlutverk háskóla; það mætti að vísu skerpa enn.

Hin ástæðan fyrir því að háskólar eigi ekki að skipta sér af er sú að það trufla starfsemi þeirra að blanda sér í hringiðu dægurmálanna, enda samræmist það hvorki meginhlutverki þeirra, eðli þeirra né burðum.

Það hefur komið mér á óvart hve þröngt sumir háskólamenn vilja líta á eðli og hlutverk háskóla. En ég hafna því sjónarmiði að það sé nánast þeirra eina hlutverk að rannsaka (eða kenna⁷ rannsakendum), ég tel að þeir hafi mun víðfeðmara hlutverk, sem verði að ræða skilmerkilega og opið og þeim beri

⁵ Sjá ítarlega umræðu í Jón Torfi Jónasson (2008). Þar er rætt hve margslungin þjónusta háskólanna við samfélagið er í raun. Það sem hér er fjallað um byggir að hluta á þeirri umræðu, sjá einkum kafla 3. Á ráðstefnu UNESCO sumarið 2009 var þetta eitt aðalumræðuefnið, sjá m.a. greinar Bergan, Tilak og Guarga, allar í Bergan, et al. (2009). Umræðan hefur að vísu ekki síður snúist um ábyrgð samfélagsins á háskólunum, sjá t.d. Weber og Bergan (2005), en skýr krafa um ábyrgð háskólanna gagnvart samfélaginu kemur frá öllum heimshornum í Neave (2000).

⁶ Í hlutverkagrein um opinberu háskólana hefur verið dregið úr lagalegum skyldum til að sinna samfélagslegu hlutverki frá því sem var í fyrri lögum.

⁷ Ég tel mikilvægt að taka til gagnarrar endurskoðunar hvað felst í því að kenna í háskóla. Ég tel það feli í sér uppeldi fagmanns langt út fyrir þjálfun og kennslu hugtaka og tæknilegra vinnubragða.

einmitt meðal annars að blanda sér í margvíslega þjóðmálaumræðu.⁸ Hættan er sú að hópur fólks sem skarar fram úr í tilteknum verkefnum (t.d. að rannsaka) telji að það séu einu verkefni sem skipti máli og allri orku skuli varið til þeirra og öðrum merkilegum og mikilvægum verkefnum ýtt til hliðar.⁹

Fræðimaður í háskóla og samfélagið

Ég hef umfjöllun um þátt fræðimannsins í samfélagsumræðunni á því að ræða stöðu hans í þessu ljósi. Það er stundum sagt af nokkurri léttúð að hlutverk fræðanna sé að setja í einfaldan búning það sem virðist flókið við fyrstu sýn en jafnframt að sýna að það sem fljótt á litið virðist einfalt — sé í raun flókið og margslungið: Gera það flókna einfalt og það einfalda flókið. Ég hendi þetta á lofti vegna þess að það er í hnotskurn það sem háskólafolk getur lagt til almennrar opinberrar umræðu.

Ég vil taka það fram að ég sé enga ástæðu til að reyna að upphefja háskólana eða í þessu tilvik, háskólakennara. Þeir eru ósköp venjulegt fólk. Þess vegna er tilefni til þess að skýra sérstöðu þeirra og styrk, a.m.k. formlegan styrk.

Í fyrsta lagi á fræðimaður í háskóla að þekkja til umfjöllunar um sérsvið sitt, talsvert út fyrir sitt afmarkaða sérsvið. Hann þekkir hugtökin og samhengið og er vel kunnugur ólíkum sjónarmiðum; hann þekkir einnig kenningar eða skoðanir sem lúta að málaflokki hans ef því er að skipta. Hann getur einmitt dregið fram aðalatriði máls og sagt frá þeim, ekki aðeins á sérhæfðu tæknimáli, heldur einnig á máli sem ólíkir viðmælendur skilja. Fræðimaðurinn ætti að hafa slíkt vald á viðfangsefni sínu. Hann bendir iðulega á að það séu fleiri hliðar á máli en virtust í fyrstu og færir fram ný sjónarhorn. Þótt það geti verið pirrandi ef mál er gert sífellt flóknara þá getur það verið gagnlegt um hríð, áður en það er einfaldað á ný.

Undanfarið hafa viðskiptafræðingar, hagfræðingar, lögfræðingar og heimspekingar verið mjög áberandi í umræðu um íslensk þjóðfélagsmál. Ég vík að því síðar, en vil leggja áherslu á að tengsl vísinda við samfélagið tengist öllum greinum vísinda. Styrkur fræðimannsins liggur í sérfræði hans, en einnig í því að hann hefur það starf með höndum, fyrir tilstilli opinbers fjár,¹⁰ að kynna sér nýjar hugmyndir, matreiða þær og ræða. Öðrum opinberum stéttum hefur ekki verið fengið einmitt það hlutverk.

Í öðru lagi liggur sérstaða hans í stöðu hans við háskóla. Háskólamaðurinn býr við meira formlegt faglegt sjálfstæði en almennt gildir um fræðimenn hvort heldur sem þeir vinna hjá hinu opinbera eða einkaaðila. Almennt gildir sú regla að tjáningarfrelsi starfsfólks einkafyrirtækis um fagleg málefni sem tengjast fyrirtækinu eru takmörkuð af yfirmönnum þess; stundum mikið og stundum minna, en hagsmunir þess eru taldir ráða því um hvað starfsmaðurinn tjáir sig og jafnvel hvernig. Lög um opinbera starfsmenn takmarka, meira en margir gera sér grein fyrir, rétt starfsmanns, til að tjá sig um

⁸ Umræðu um ólíkar gerðir háskóla frá þessum sjónarhóli og fjölbætt hlutverk rannsókna og þar með fjölbættu hlutverki þeirra í háskólastarfi er að finna í Jón Torfi Jónasson (2005).

⁹ Á heimasíðu minni eru athugasemdir sem ég lagði fram í rýnihópi menntamálaráðherra um háskólamál sumarið 2009 m.a. um þessi atriði. Sjá <http://www3.hi.is/~jtj/vefurinn/rannsoknir.html#Haskoli>

¹⁰ Ég bendi á þessi tengsl við opinbert fé, en tel raunar að þær faglegu skyldur sem ég vísa til séu ekki háðar þeim, heldur öllu heldur eðli verkefnisins. Mér fannst athyglisvert þegar ég hafði um hríð starfsaðstöðu við þekktan bandaríska einkaháskóla hve hugmyndin um ríkar samfélagslegar skyldur stofnunar var þar sterk; hún var grundvölluð á hugsjón tengd eðli háskólastarfs.

fagleg málefni stofnunar. Almennt er opinberum starfsmanni ekki heimilt að tjá sig um sérhæfð málefni, jafnvel þótt þau séu á þröngu sérsviði hans, nema með leyfi yfirmanns.¹¹

Það er þó viðurkennt að þetta eigi síður við um starfsfólk háskóla af þremur náskyldum ástæðum. Í fyrsta lagi er háskólakennari valin til starfa eftir ströngu regluverki á þeim forsendum að hann þekki betur til tiltekins sérsviðs en aðrir, sé af þeim sökum dómbærari á það en aðrir samstarfsmenn, þar á meðal yfirmenn; í raun er ekki litið svo á að háskólakennari hafi yfirmann þegar kemur að umfjöllun hans um sérsvið sitt. Hann birtir t.d. greinar og heldur fyrirlestra án þess að bera efnið undir yfirmenn. Í öðru lagi er starfsemi háskóla skipulögð þannig að boðvald kerfisins nær yfir margvíslegar starfsskyldur háskólakennara, en ekki um hvernig að hann tjái sig um sitt fag. Í þriðja lagi er sterk hefð fyrir því að háskólakennari hafi frelsi til að velja sér viðfangsefni á sínu sviði, hafi akademískt frelsi og það feli m.a. í sér að hann sé frjálst að því hvernig hann fjallar um efni sitt. Af þessum ástæðum hefur háskólamaðurinn meira frelsi til að tjá sig en aðrir og þar með, að mínu mati ríkari skyldur til þess, miðað við nauðsyn þess að rödd fagmannsins heyrist í umhverfi þar sem ótrúlega margir eru múldir. Það er mikilvæg niðurstaða að mínu mati.

Það er þrennt sem ég tel fylgja þessari sérstöðu háskólamannsins, umfram skylduna til að láta í sér heyra vitandi að kollegar hans geta það ekki.

Það fyrsta er mikilvægi þess að hann sé í raun frjálst að því að tjá sig, þótt ýmsum kunni að mislíka það. Ég hef stundum verið undrandi á því þegar almennir boragar, eða stjórnálamenn eða jafnvel kollegar mínir hafa krafist að það ætti að setja ofan í við, áminna eða jafnvel reka hinn eða þennan vegna þess að viðkomandi var talinn tjá sig óvarlega eða láta í ljós óvarlegar skoðanir. Ég tel að háskólasamfélagið, a.m.k., eigi að skilja mikilvægi þess að stofnunin sýni sérstakt umburðalyndi vegna þess hve hættulegt það er fyrir hana að vera röngu megin línunnar um faglegt tjáningarfrelsi. En hver sem er, þ.á.m. einstakir starfsmenn háskóla geta aftur á móti gagnrýnt kollega sína að vild eftir því sem faglegur metnaður þeirra býður þeim.

Í öðru lagi verður háskólamaðurinn, vegna þeirrar verndar sem hann nýtur, og þeirrar stöðu sem hann hefur, að vera til fyrirmyndar í allri framsetningu og málatilbúnaði, vegna þess hve miklu það skiptir að áferð og ímynd fræðilegrar umræðu bíði ekki hnekki. Þarna ræður þó persónulegur metnaður hans ferðinni og almenn tilmæli stofnunar hans, frekar en boðvald. En bregðist hann að þessu leyti má gagnrýna hann og áfella, en að mínu mati, hvorki áminna né reka. Hafi viðkomandi aftur á móti brotið landslög þá höfum við kerfi til að glíma við það.

Í þriðja lagi er það einmitt hluti af þessari sérstöðu háskólamannsins að hann flytur alltaf mál sitt í eigin nafni, hann er að vísu ráðinn til stofnunar, en sem sérfræðingur, og hann talar í krafti þessarar sérfræði sinnar, sem háskólasamfélagið hefur viðurkennt. Hann heldur fram sínu máli og hann stendur eða fellur, í hverju máli fyrir sig eftir því sem umræðunni vindur fram. Stofnunin, háskólinn, hvorki styður hann né gagnrýnir sjónarmið hans eða málflutning, sem stofnun. Að þessu leyti stendur hann einn og óstuddur.

¹¹ Hér vantar ítarlegri rökstuðning og athugun. Ragnhildur Helgadóttir (1997) telur tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna mikið, en það þarf að ræða hver staða þeirra er nákvæmlega, t.d. hvort munur sé ás töðu þeirra sem starfa hjá háskólum og öðrum stofnunum og hvernig hið formlega frelsi þeirra almennt virkar.

Í þessu sambandi tek ég upp að því er virðist óskylda umfjöllun um eignarhald og rekstrarfyrirkomulag háskóla. Margir vilja breyta rekstrarfyrirkomulagi háskóla, og flytja þá í sjálfseignarfyrirkomulag, ekki síst til þess að búa til umhverfi sem auðveldar að reka og ráða fólk. Ég spyr, hverju þjónar slík hugsjón og hverju er fórnað? En þetta er svo sem allt í lagi ef við lítum á háskólakennarann nánast sem sérhæfðan verktaka, sem býr yfir ákveðinni tæknilegri færni, sem kannski er þúkkandi upp á í nokkur ár og svo má fá nýjan. En ég tel aftur á móti að við eigum að undirstrika fjölbætt og að sumu leyti viðkvæmt ábyrgðarhlutverk háskólakennarans, m.a. sem þátttakanda í margvíslegri samfélagslegri umræðu, þátttakanda sem hættir til að stíga á alls skyns tær og á fyrir bragðið að njóta verndar háskólaumhverfisins. Á hinn bóginn má og á stofnunin að gera til hans mjög skýrar, metnaðarfullar, almennar og gagnsæjar kröfur, raunar að mínu mati meiri en íslenskir háskólar gera nú, m.a. um þátttöku í mótun og uppbyggingu samfélagsins.

Við skulum samt hafa það hugfast að starfsfólk hvaða stofnunar sem er hefur tilhneigingu til þess að sýna eiganda sínum eða borgunarmanni auðsveipni, jafnvel undirgefni. Þetta á einnig við ef eigandinn er almenningur og stjórnvöld fyrir hans hönd. Hætt er við að háskólar verði stjórnvöldum undirgefni, m.a. til að tryggja að ekkert veiki ásetning stjórnvalda um nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning. Ég tel það þó skástan kostinn í heimi átaka um völd og áhrif að háskólar séu seldir undir lýðræðislega kjörið vald. Þeirra áhrifa sem hér er vikið að gæti einnig gætt ef stór hluti tekna kemur frá nemendum, eða frá stjórnvöldum á grundvelli nemendafjölda. Þá er stofnunin orðin fjárhagslega háð nemendum sínum, jafnvel að því marki að hin gullna regla viðskipta ætti við: Viðskiptavinurinn hefur ætíð rétt fyrir sér.

Um hlutleysi og fræði

Stundum er lögð áhersla á hlutleysi vísinda. Ég tel gagnlegt að horfa á hlutleysið frá nokkrum ólíkum sjónarhornum. Við getum líka spurt beint, hvort fræðimenn hafi ekki ýmsar veikar hliðar sem dragi úr hæfni þeirra til þess að ræða hlutina yfirvegað og hlutlaust, um leið komið er út fyrir hrein tæknileg atriði aðferða og skilgreininga.

Víkjum fyrst að hlutleysi þess fólks sem stundar fræðistörf. Við skulum hafa það hugfast að vísindamenn eru jafn breyskir, mannlegir og annað fólk. Þeir eru venjulegt fólk. Vísindaleg aðferð er einmitt tilkomin vegna þessa ófullkominleika; ef við værum óskeikul og fullkomlega nákvæm og samræmd í daglegri samræðu okkar þá væri ekki uppi jafn stíf krafa um að farið sé eftir reglum vísindanna; verklagi sem krefst skýrra, skriflegra skilgreininga hugtaka og aðferða, krefst nákvæmrar lýsingar á verklagi, krefst gagnsæis og tiltekinna kerfisbundinna vinnubragða þegar hætta er á að fordómar, hlutdrægni eða óskhyggja gæti litað verklag, umræðu og niðurstöður. Við getum fallist á að vísindaleg umfjöllun eigi að vera hlutlaus eða fordómalaus í þessum skilningi og fræðasamfélagið hefur mótað sér verklagsreglur til að virða það sjónarmið.

Vísindamenn eru auk þessa alls ekki hlutlausir í þeim skilningi að þeim sé sama um viðfangsefni sitt og taki ekki afstöðu til mála sem það snerta; þeim er langflestum annst um það verksvið sem þeir hafa helgað krafta sína. Flestir eru tilbúnir til að berjast fyrir eflingu og virðingarauka síns fræðasviðs og tryggja eftir því sem kostur er að því sé sýnd virðing í hvívetna. Jarðbundnustu dæmin er e.t.v. þegar lífræðingar telja lífríkinu ógnað með tilteknum framkvæmdum og láta í ljósi áhyggjur sínar. Ég get ekki ímyndað með að fræðimaður sem hefur helgað sig umfjöllun um guðfræði, bókmenntir, íslenskt mál, menningu, sögu, — um dýraríkið, erfðavísa eða eðlisheiminn, sé sama hvernig um þetta er fjallað, hver verða örlög þeirra verkefna sem hann hefur sökkt sér í eða hvernig sú vitneskja sem hann

á þátt í að afla, sé notuð. En það er langt í frá að allir fræðimenn á einu og sama sviðinu séu sammála um allt, sem viðkemur þeirra grein, þvert á móti og til allrar hamingju er óvissa og ágreiningur um bæði stórt og smátt í öllum fræðigreinum, og það er einmitt sú spennan sem þannig skapast sem er grundvöllur framþróunar þeirra allra.

Fræðimenn eru þar að auki borgarar, fólk sem hefur skoðanir, hugsjónir og trú. Vitanlega skiptir það máli þegar þeir móta og fylgja eftir hugmyndum sínum og skoðunum á öllum málum sem þeir fjalla um, hvort sem það er um háfræðileg málefni eða um stöðu, uppbyggingu eða mótun fræðigreina sinna. Þeim er ekki sama.

Vísindamenn eins og aðrir hafa líka hagsmuni; oftast eru þeir bæði málefnalegir og skiljanlegir, en geta verið ríkir og fjölþættir. Sumir halda að í samfélagi hversdagslífsins ríki bullandi hagsmunatogstreita og pólitík en þegar komið er inn í filabeinsturn fræðanna þá sleppi öllum veraldarágreiningi eða kapphlaupi um virðingu eða fé. Það er fjarri sanni. Virkir vísindamenn hafa margþætta hagsmuni, allt frá því að almennt fjárhagslegt umhverfi sem úthlutar þeim fé til kennslu en þó einkum til rannsóknna sé þeim hagfellt – og allt til þess að tryggja að persónulegt nærumhverfi veiti þeim virðingu og svigrúm til þróunar. Mér virðist sumir halda að það ætti að vera óumdeilt hvernig þúsundum milljarða króna sem varið er til rannsókna á heimsvísu sé deilt á milli verkefna. Ekki þurfi annað en að búa til samkeppnissjóði og – *voilà*, málið sé leyst. Slíkt sjónarmið bæri vott um barnlega einfaldni, vegna þess að regluverkið allt hentar og hyglar sumum verkefnum eða verkefnasviðum og öðrum ekki, á forsendum sem miðast við verkefnið en ekki samfélagið sem þau eiga að þjóna. M.a. þarf sífellt að hyggja að nýjum sviðum og nýjum viðfangsefnum, jafnvel þar sem rannsóknarhefðir og styrkur er tiltölulega lítil, en fyrir bragðið þarf sterkan stuðning, ásamt metnaði og ásetningi til uppbyggingar þekkingar þar sem hún er ekki fyrir hendi.

Virkir fræðimenn hafa iðulega sterka stundarhagsmuni, alveg eins og annað fólk. Þeir gætu hvatt til verkefna eða rannsókna (t.d. lagt til framkvæmdir eða áherslusvið við stjórnvöld), vitandi að þeir sjálfir eða nánir kollegar fengu aukið rannsóknarfé, þegar þeim finnst þeir ekki hafa nóg. Þeir gætu líka varið pólitískar ákvarðanir, sem tengdust fræðilegri ráðgjöf sem þeir hefðu veitt; þeir gætu skirrst við að gagnrýna faglegar ákvarðanir stjórnvalda vegna þess að það gæti komi fjárveitingum til stofnana þeirra í koll, eða að nánir kollegar hefðu verið með í ráðum. Þeir gætu mætavel látið undir höfuð leggjast að gagnrýna nána samstarfsmenn sína, vegna vináttu eða vegna þess að það mundi rýra virðingu vinnustaðarins. Ekkert af þessu þarf þó að þýða að hagsmunirnir séu undirrót tillagna þeirra, afstöðu eða sjálfsritskoðunar; þeir kunna samt sem áður að móta hegðun þeirra. Enn og aftur hamra ég á því að fræðin eru heimur togstreitu um hið daglega brauð ekki síður en um fræðin sjálf.

Niðurstaða mín er sú að fræðimenn séu breyskir eins og aðrir, þeir hafa hugsjónir og samvisku og þeir hafa einnig ríkulegra hagsmuna að gæta; allt þetta undirstrikar að þótt þeir hafi margt fram að færa sem fræðimenn, og við krefjum þá um einkar vönduð og öguð vinnubrögð og upplýsta gagnrýna umræðu, þá er óraunhæft að krefjast af þeim ómanneskjulegs hlutleysis. Við viljum það einfaldlega ekki – eða hvað? Við krefjum þá um þátttöku sem faglegra, sérhæfðra borgara og verðum að taka því (en ekki endilega þegjandi) þótt við vildum stundum að þeir gerðu eða segðu hlutina öðru vísi.

Gagnrýnið hlutverk háskóla

Vilhjálmur Árnason nefnir grein sína um samfélagslega ábyrgð vísindamannsins, árvekni eða auðsveipni, þar sem ræðir hlutverk háskólanna á svipuðum nótum og hér er gert.¹² Á síðustu mánuðum hefur einnig verið rætt um hugsanlegt andvaraleysi stjórnvalda eða stofnana okkar. Ég tel gagnlegt að flétta þessi hugtök inn í umræðu um hlutverk háskólasamfélagsins og spyrja að hvaða marki það ætti — eða jafnvel að því beri — að sýna árvekni hvað varðar tengsl viðfangsefna sinna við samfélagið. Þetta gæti þýtt, í fyrsta lagi að háskólaþólk telji sér skylt að taka ekki aðeins þátt í þröngri fræðilegri umræðu um sérsvið sín, heldur um fag sitt í víðri merkingu og í öðru lagi að einstakir fræðimenn haldi samfélaginu upplýstu um umræðu og ágreining á sínu sviði og hafi frumkvæði að þeirri umræðu. Það geri grein fyrir henni, flæki málið og einfaldi og sé með þeim hætti virkur gagnrýninn þátttakandi í umræðu um tengsl síns fagsviðs og samfélagsins. Gagnrýnin felst í því að vera vakandi, upplýstur, fræðandi, og því að draga fram veikleika og styrkleika þeirrar umræðu sem þó er uppi, ef einhver. Reynslan sýnir að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að fræðimenn séu allir á sömu skoðun. Á hinn bóginn er líklegt að aðkoma fræðimanna einkennist af andófi, annars vegar vegna þess að þeir stíga ekki fram fyrir en þeir hafa áhyggjur af framvindunni, og hins vegar vegna þess að það er í anda akademískrar hefðar að sýna fram á veikleika eða annmarka þeirra hugmynda sem eru ráðandi hverju sinni.

Sennilega eru Pugwash samtökin,¹³ sem berjast fyrir útrýmingu kjarnorkuvopna gott dæmi um ákvörðun sérfræðinga um að láta afleiðingar fræða sinna til sín taka. Saga eðlisfræðingsins Roberts Oppenheimer, forystuhlutverk hans í smíði kjarnorkusprengjunnar og síðari virkni hans í umræðu um tengsl vísinda og samfélags er e.t.v. eitt skýrast dæmið um vanda vísindamannsins, en jafnframt um samfélagslega ábyrgð. Ég tel hann áhugaverða fyrirmynd um virka þátttöku vísindamanns í samfélagslegri umræðu.

Við þurfum ekki að rýna lengi til að sjá að krafan um þátttöku snertir allar fræðigreinar. Ekki aðeins eðlisfræðingana og kjarnorkuna, heldur alla þá sem tengjast, umhverfismálum, loftslagsmálum, erfðavísindum, mengunarmálum, lyfjamálum, þróunaraðstoð, stjórnskrármálum, hagstjórn, málstefnu, þróun lýðræðis, uppeldismálum, skólumálum, fangelsismálum, bókmenntum og jarðeðlisfræði. Hér hef ég aðeins nefnt dæmi þar sem mér hefur einmitt fundist háskólaþólk hafa tekið þátt, en þátttakan ætti að vera enn meiri og virkari.

Til þess að geta sinnt hlutverki sínu um gagnrýna þátttöku, þá þarf háskólasamfélagið að gera upp við sig hverjar séu skyldurnar við þjóðfélagið. Ég tel það geti ekki látið sem daglegt amstur samfélagsins, þá ég við vandamál þess og metnað og ásetning til kvikrar þróunar, komi því ekki við.

Það þarf jafnframt að skoða með hvaða hætti það á samræðu við umhverfi sitt. Það getur verið allt frá því að taka þátt í þróunarverkefnum fyrirtækja og stofnana, veita ráðgjöf, gefa álit, halda ráðstefnur, upplýsa fræða, og ræða.

¹² Vilhjálmur Árnason (2010). Árvekni eða auðsveipni.

¹³ Sjá <http://www.pugwash.org/about.htm> um uppruna og starfshætti samtakanna. Sjá einnig sögu Roberts J. Oppenheimer, <http://ieeexplore.ieee.org/stamp/stamp.jsp?arnumber=04135778>, m.a. tilvitunina, "We have made a thing, a most terrible weapon" he stated in one speech "that has altered abruptly and profoundly the nature of the world. ... a thing that by all standards of the world we grew up in is an evil thing. And by so doing ... we have raised again the question of whether science is good for man". Þessi tilvitnun sýnir ekki annað en hve fráleitt er annað en að þessi umræða sé uppi.

En við þurfum jafnframt að vera sífellt vakandi fyrir allri hagsmunatogstreitunni sem verður til með öllum þessum samskiptum. Hún er talsverð. Mestu skiptir að allir hagsmunir séu ljósir og öllum sýnilegir, en jafnframt að fólk geri sér og öðrum grein fyrir hvernig hagsmunir hafi áhrif á afstöðu þeirra til ólíkra mála.

Mér sýnist sífellt tilefni til að skoða og endurskoða hve greiðar samskiptaleiðir okkar við samfélagið eru. Ég nefni sem dæmi að staða dagblaða sem opinber samskiptamiðill fyrir alþýðleg samskipti hefur gjörbreyst á nokkrum árum. Við höfum vitaskuld alþjóðleg fræðirit, okkar íslensku fræðirit, og alþýðufræðslurit og ljósvakamiðla og síðan heimasíður og annan rafrænan vettvang, en við vitum allt of lítið um hvernig þessar samskiptaleiðir virka. Það er ekki nóg að hafa eitthvað að segja, það verður sífellt að endurskapa þann vettvang sem til þess er.

Í lokin

Við verðum að ræða opið og gagnrýnið um hvers konar samfélag við viljum og hvert sé samfélagslegt hlutverk háskóla í því sambandi. Að mínu viti felst það í rannsóknum og miðlun þeirra, til nemenda okkar og samfélagsins allt. Það felst einnig í virkri þátttöku í kviku samfélagsins í krafti fræða okkar og sérstöðu.

Við skulum ræða um tjáningarskyldu, engu síður en um tjáningarfrelsi háskólafélks; með tilvísun í hlutverk okkar fyrir samfélagið, í krafti þekkingar okkar, og vegna sérstöðu okkar miðað við kollega okkar sem eru oft bundnir formlegum eða óformlegum múlböndum eða hagsmunum. Við ættum að axla þessar skyldur okkar mun ákveðnar og skipulegar en við höfum gert.

Við ættum að ræða hvernig við ræktum umræðumenningu, og þá kröfu á hendur á háskólasamfélaginu að vera virkt og til fyrirmyndar: um frumkvæði, um aga, um lítilæti sem felur í sér virðingu fyrir málstað þeirra sem eru á öndverðum meiði; fyrirmynd sem felur í sér samræðu en ekki einræðu; menningu sem leggur sig fram um að móta orðræðu sem einkennist af skýrri og skiljanlegri hugsun og tekur skýrt mið af þeim sem rætt er við hverju sinni, hvort sem það er sérhæft samfélag fræðimanna, upplýst fagfólk, fólk sem ekki þekkir vel til máls eða börn sem eru á mótunarskeiði.

Háskólinn ætti að hugleiða að setja upp umræðuvettvang til þess að rækja tjáningarskyldu sína, og til þess að rækta þá umræðumenningu sem hann telur sér og samfélaginu samboðna og til þess að þjálfa ungt fólk til þátttöku í þeirri menningu sem við teljum til fyrirmyndar.

Ég óska Hugvísindasviði til hamingju með þessa glæsilegu ráðstefnu, hún er vissulega dæmi um framlag sem ég tel Háskólanum til sérstaks sóma.

Heimildir

Bergan, S., Guarga, R., Polak, E. E., Sobrinho, J. D., Tandon, R., & G. Tilak, J. B. (2009). *Public Responsibility for Higher Education*. Paris: Unesco.

Jón Torfi Jónasson (2005). A counterpoint from an educationist: We know about them, but how do we deal with them? On the weaknesses inherent in the development of the idea of the university. In A. Barblan (Ed.), *Managing University Autonomy. University autonomy and the*

institutional balancing of teaching and research (pp. 179-197). Bologna: The Magna Charta Observatory. Bononia University Press.

Jón Torfi Jónasson (2008). *Inventing tomorrow's university. Who is to take the lead?* Bologna: The Magna Charta Observatory.

Kivinen, O., & Poikus, P. (2006). Privileges of Universitas Magistrorum et Sclolarium and their Justification in Charters of Foundation from the 13th to the 21st Centuries. *Higher Education*, 52(2), 185-213.

Neave, G. R. (Ed.). (2000). *The universities' responsibilities to society : international perspectives* (1st ed.). New York: Pergamon, published for the IAU Press.

Ragnhildur Helgadóttir (1997). *Tjáningarfrelsi ríkisstarfsmanna*. Unpublished Lokaritgerð frá Lagadeild, HÍ.

Weber, L., & Bergan, S. (Eds.). (2005). *The public responsibility for higher education and research*. Strasbourg: Council of Europe Publishing.